

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
Skuggasundi 3
101 Reykjavík

Dalabyggð 27. mars 2020

Efni: Kæra á að skilyrði Sveitarstjórnar Dalabyggðar fyrir samþykki um útgáfu á leyfi fyrir skógrækt á jörðinni Hóli í Hvammssveit skuli vera krafa um umsögn Minjastofnunar Íslands (hér eftir MÍ), sbr. fundargerð sveitarstjórnar Dalabyggðar þann 5. mars 2020.

Krafa:

Þess er krafist að ofangreint skilyrði um umsögn MÍ verði felld úr gildi en að samþykktin standi að öðru leyti óhögguð. Þannig að þegar fyrra skilyrðið í samþykkt sveitarstjórnar um samþykki eigenda aðliggjandi jarða er uppfyllt þá skuli sveitarstjórn gefa út umrætt framkvæmdaleyfi fyrir skógrækt að Hóli í Hvammssveit.

Kærufrestir:

Kæra þessi er lögð fram innan lögbundins kærufrests, sem er 1 mánuður frá því að umsækjanda barst formleg tilkynning þar um frá Sveitarstjóra, dags. 6. 3. 2020. Sjá [fylgiskjal 1](#). Kristjón Sigurðsson fékk sams konar tilkynningu á sama degi og er því innan sama kærufrests. Benedikt Rúnar Steingrímsson fékk sams konar tilkynningu á sama degi og er því innan sama kærufrests.

Kæruaðild:

Jakob K. Kristjánsson er landeigandi Hóls í Hvammssveit, Dalabyggð, skógarbóndi og umsækjandi og á því mikilla hagsmuna að gæta. Skógræktin hefur þegar tekið skógræktarsvæðið út og samþykkt fyrir skógrækt á lögbýlum, en endanlegur samningur milli skógarbónda og Skógræktarinnar er háður útgáfu framkvæmdaleyfis frá sveitarstjórn.

Kristjón Sigurðsson er landeigandi Óss í Saurbæ, Dalabyggð, skógarbóndi og umsækjandi og á því mikilla hagsmuna að gæta. Skógræktin hefur þegar tekið skógræktarsvæðið út og samþykkt fyrir skógrækt á lögbýlum, en endanlegur samningur milli skógarbónda og Skógræktarinnar er háður útgáfu framkvæmdaleyfis frá sveitarstjórn.

Benedikt Rúnar Steingrímsson er landeigandi Stóra-Langadals á Skógarströnd, Dalabyggð, skógarbóndi og umsækjandi og á því mikilla hagsmuna að gæta. Skógræktin hefur þegar tekið skógræktarsvæðið út og samþykkt fyrir skógrækt á lögbýlum, en endanlegur samningur milli skógarbónda og Skógræktarinnar er háður útgáfu framkvæmdaleyfis frá sveitarstjórn.

Rökstuðningur:

Bakgrunnur og aðkoma MÍ. Þegar skógarbændur (eða sveitarfélög fyrir þeirra hönd) eins og í þessu tilfalli, hafa samband við MÍ og óska eftir umsögn þá hafnar MÍ að veita slíka umsögn á þeirri forsendu að viðkomandi sveitarfélag hafi ekki lokið við skráningu fornleifa (Aðalskráningu), eins og þeim beri að gera í tengslum við gerð Aðalskipulags (sjá [fylgiskjal 2-6](#)). Jafnframt segir MÍ að skráning skuli fara fram og að skógarbóndinn skuli sjálfur láta framkvæma Aðalskráninguna á

sinn kostnað, að öðrum kosti komi engin umsögn og þar með fái hann ekki skógræktarleyfið. Mí tekur því skógarbóndann í gíslingu fyrir vanrækslusyndir sveitarfélagsins.

Áratugir eru síðan sveitarfélögum í landinu var í lögum gert skylt að framkvæma umrædda Aðalskráningu en meirihluti þeirra, og sem ná yfir um 80% landsins, hefur fram til þessa dags ekki lokið þessu verkefni. Mí hefur margoft kvartað yfir þessu og m.a. sent ríkinu áskoranir og beiðnir um sérstök átaksverkefni svo þetta megi klárast. Hjörleifur Guttormsson fyrrv. ráðherra fjallar t.d. um þessa stöðu fyrir stuttu í grein í Morgunblaðinu og endar þar á að segja; „Er ekki augljóst að á þessu sviði verður ríkið að hafa forustu, jafnt um fjármögnun og framkvæmd?“ Árið 2015 taldi Mí að 150.000, eða 70% allra fornminja væru óskráðar og gerði þá 205 ríkinu tilboð um að leggja um 1,5 milljarð í 5 ára verkefni til að klára skráninguna, en skv. skýrslu Ríkisendurskoðunar til Alþingis í maí 2018 um Stjórnarsýslu fornleifaverndar, hefur ríkið hvorki svarað þessu tilboði eða sinnt beiðnum og áskorunum Mí að neinu öðru leyti. Ennfremur kemur fram í svari mennta- og menningarmálaráðherra, við fyrirspurn frá Ara Trausta Guðmundssyni um fornminjaskráningu á landi (<https://www.althingi.is/altext/150/s/0953.html>) að nú metur Mí að það kosti um 2,5 milljarð kr. að ljúka skráningum um 175.000 óskráðra fornminja. Síðan segir ráðherra, „Til að hægt sé að auka verulega skráningu fornleifa á Íslandi á næstu 2–5 árum þarf að koma til fjármögnun eftir hefðbundinni leið fjármálaáætlunar“.

Í ofangreindri skýrslu Ríkisendurskoðunar segir í 1.mgr. kafla 3.3.1. Hlutverk og afstaða sveitarfélaga, „Lög um menningarmínjar og skipulagslög kveða skýrt á um að íslenskum sveitarfélögum beri að standa straum af kostnaði sem fellur til vegna fornleifaskráningar þar sem þau fara með skipulagsvald.“

Einnig er nefnt í skýrslunni að Samband íslenskra sveitarfélaga hafi 2014 benti á að lög um menningarmínjar gerðu ekki ráð fyrir víðtækri skráningu mínja heldur væri eingöngu miðað við skráningar í tengslum við gerð aðalskipulags.

Svo fremi að sveitarfélög og Mí hafni ekki lagatúlkun Ríkisendurskoðunar og Mennta- og menningarmálaráðherra, þá er staðan óumdeild. Mí hefur hins vegar ekki það boðvald að geta knúið sveitarfélög til að ljúka skráningunni. Mí hefur því fundið út að skógarbændur séu veikur hlekkur í keðjunni og velur að taka þá í gíslingu. Mí virðist ekki hafa heimild til að framkvæma sjálf skráninguna og rukka skógarbóndann en vísa á að skógarbóndi kaupi skráningu af einkaaðilum. Mí sendir síðan út lista yfir lítinn hóp einkaaðila, sem taki slíkt að sér. Engar frekari leiðbeiningar fylgja og fá þeir því skotleyfi á skógarbóndann og sjálfðæmi um inntak og kostnað við skráninguna. Mí tekur enga ábyrgð á kostnaðinum þar sem þetta sé þá samningur milli tveggja einkaaðila. Jafnframt hafnar sveitarfélagið að það beri ábyrgð á kostnaðinum. Hér eru því tvö aðskilin stjórnvöld að kasta fjöreggi skógarbænda á milli sín og kenna hvort öðru um hvort beri ábyrgðina. Þessi flétta sem hér hefur verið hönnuð styðst við afar frjálslugar og misvísandi lagatúlkningar og tilvitnanir. M.a. segir Mí að ákvarðanir hennar, sem þetta varðar séu endanlegar og ókæranlegar til æðra stjórnvalds. Aðilar að þessari kærnu telja að þessi málsmeðferð standist engann veginn og telja að um sé að ræða æði langann lista yfir þau lögbrot, sem hér eru framin með þessari stjórnarsýslu. Verða nú þau helstu tínd til sem varða þetta mál.

1. Skógrækt í skipulagi. Eins og sjá má á meðfylgjandi bréfum og tölvubréfum Minjavarða Vesturlands og Norðurlands eystra (fylgiskjöl 2-6) þá telja þeir (eða reyna að heimfæra) að skógrækt falli undir deiliskipulagsstigið, þó í sumum bréffanna komi einnig skýrt fram að vanræksla viðkomandi sveitarfélaga á aðalskipulagsstigi, sé meginástæðan fyrir því að þeir hafni, eða geti ekki veitt umsögnina. Nú er alveg skýrt að skógrækt á lögbýlum og landbúnaðarlandi er ekki deiliskipulagsskyld, og engin leið er að lesa það út úr lögum og reglum, sbr. gr.4.3.1. j-liður í Skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Eða eins og segir í leiðbeiningum, sem Skógræktin og Skipulagsstofnun hafa gefið út um „Skógrækt í skipulagsáætlunum sveitarfélaga II. útgáfa 2014“. Þar segir á bls. 10 „Almennt er skógrækt ekki deiliskipulagsskyld.... og.... Ekki er gert ráð fyrir að vinna þurfi deiliskipulag fyrir skógrækt á landbúnaðarsvæðum ef nægilega skýr grein er gerð fyrir henni í aðalskipulagi“.

Nú er ljóst á máltilbúnaði minjavarðanna að þeir hafa ákveðið að skógrækt á lögbýlum eigi að vera deiliskipulagsskyld, þrátt fyrir að ekkert sveitarfélaganna afgangi málin með þeim hætti. Þeir geta heldur ekki tilgreint nein skýr lagaákvæði þessu til stuðnings, heldur fara víða um hinn lagalega völl til að færa rök fyrir skoðun sinni. Með því að vísa í óskýrt orðalag í lögum, reglum og leiðbeiningum er farið út í frjálslegar túlkningar, og það notað til að gera langt um meira íþyngjandi kröfur á skógarbændur en löggjafinn ætlaðist upphaflega til. Lagatúlkningar á því hvað orðið „almennt“ þýðir hafa verið teknar fyrir í álitsgerðum og dómum. Það þýðir „langoftast“, eða „alltaf nema í sérstökum undantekningartilfellum“, og verða þá að liggja fyrir mjög skýr rök fyrir undantekningunni frá meginreglunni. Engin dæmi hafa fundist um að slík undantekning hafi komið til, enda eru öll leyfi til skógræktar á lögbýlum, sem sveitarfélög landsins hafa gefið út fram að þessu, eingöngu gefin út með vísan í aðalskipulag sveitarfélagsins og aldrei minnst á að þau falli undir deiliskipulag í því sambandi.

2. Heimild og aðferð til gjaldtöku. Í lögum um MÍ verður ekki séð að hún hafi heimild til að taka sjálf gjald fyrir skráningu eins og hún krefst hér, enda gerir hún það ekki beint heldur fer hún þá leið að vísa á einkaaðila, fornleifafræðinga, sem skógarbóndi getur haft samband við og óskað tilboða í verkið. Engar sérstakar leiðbeiningar fylgja þessu og ekki er ljóst hvað heimilt er að rukka fyrir. T.d. hefur Fornleifastofnun Íslands gert svæðisskráning fyrir alla Dalasýslu og Héraðsskjalasafn Dalasýslu hefur gefið út skýrslu um „Heimildir um landamerki, örnefni, nytjar og fleira tengt jörðum í Dalabyggð“. Yfirleitt eru sárafáar fornminjar á því landi sem valið er til skógræktar, svo hér er mikið lagt undir fyrir lítið. Þegar MÍ hafnar að veita umbeðna umsögn af fyrrgreindum ástæðum, þá bera bréfin það með sér að MÍ ætlast til þess að öll jörðin sé skráð, enda er alltaf vísað til jarðarinnar þar en ekki bara skógræktarsvæðisins. Það má telja líklegt að MÍ hafi síðan leiðbeint fornleifafræðingunum um að svona skuli þeir nálgast málin. Þetta má ennfremur lesa út úr þeim tilboðum, sem fornleifafræðingar gera í verkin. Dæmi um nokkur tilboð í fylgiskjali 7 sýna hversu handahófskennt þetta er og án rökstuðnings um innihald. Er t.d. drónaflug nú orðið að skilyrði fyrir umsögn skv. kröfu MÍ?

Offors MÍ vinnur gegn tilgangi um verndun. Engar skýrslur finnast á heimasíðu MÍ, sem gerðar hafa verið sérstaklega vegna skilyrðis MÍ vegna skógræktar á lögbýlum. Fornleifastofan (Bjarni F. Einarsson, 2018) gerði fornleifaskráningu vegna skógræktar á jörðinni Hóli í Hörðudal, sem er

625 ha og þar er öll jörðin tekin fyrir. Alls fundust þar 13 minjar, en þar af voru aðeins 2 minjar inn á hinu skipulagða skógræktarsvæði, sem er 199 ha. Þegar skýrslan fyrir Hól í Hörðudal er lesin vekur athygli að í allri umfjöllun er ekki gerður greinarmunur á hvenær er verið að fjalla um jörðina alla eða sérstaklega um skógræktarsvæðið. Tilboðin í [fylgiskjali 7](#) virðast bera það með sér að tilboðsgjafarnir hyggist nálgast verkefnið með sama hætti og að þeir líti svo á að verkefnið sé að gera allsherjar skráningu, með víðtækri heimildarleit (heimildir sem þegar liggja fyrir og MÍ hefur og því óþarfi að endurtaka) og þetta sé gert fyrir alla jörðina en takmarkist ekki við skógræktarsvæðið.

Þetta er vægast sagt undarleg túlkun á beiðni sveitarstjórnar og skilningi hlutaðeigandi skógarbænda. Skilningur sveitarfélagsins á þessu liggur fyrir og er alveg skýr sbr. svar skipulagsfulltrúa Dalabyggðar um þetta atriði; "**Við erum einungis að tala um skógræktarsvæðið – alls ekki öll jörðin**" (tölvubréf skipulagsfulltrúa Dalabyggðar til Jakobs frá 20.3. 2020). Það er líka nokkuð ljóst á fyrirspurnum skógarbændanna að þeir reikna allir með að aðeins eigi að skrá skipulagssvæðið og skýrir það vel undrun þeirra á háu verðtilboði. Þeir benda flestir á að litlar sem engar líkur séu á mörgum minjum þar og þeir eru alveg grunlausir um að tilboðsgjafarnir (og MÍ) eru að meina hið gagnstæða og ætla sér að skrásetja alla jörðina á þeirra kostnað. Það er því ljóst að þessi mistúlkun MÍ og tilboðsgjafanna á því hvers sveitarstjórn krefst og skógarbóndinn þarfnast, þýðir að hann er þá látinn borga margfalda þá upphæð, sem þurfti til að hann gæti uppfyllt skilyrði sveitarstjórnar og kröfur MÍ.

Dæmið um Hól í Hörðudal sýnir þetta vel. Þó svo að skógarbóndinn hafi samþykkt í þessu tilfelli að taka ætti alla jörðina fyrir, þá er ljóst að hann þurfti aðeins að láta skrá skógræktarsvæðið. Hann borgaði því rúma 1 milljón kr. fyrir skráningu á 13 minjum en þurfti bara að borga fyrir skráningu á 2 minjum. Önnur þessara tveggja minja er hálfhrunin varða og þykir rétt að láta fylgja með hér mynd af þessari merkilegu vörðu, sem fornleifafræðingurinn flokkaði þó sjálfur í lægsta flokk, því hún hefði bæði lítið minjagildi og lítið varðveislugildi. Þetta er því líklega dýrasta grjóthrúga Íslandssögunnar.



Dýrasta grjóthrúga Íslands er í Dalabyggð.

Engin lagastoð er til að krefja landeigenda og/eða skógarbónda í þessu tilviki, um kostnað vegna fornleifaskráningar, enda segir í 2.mgr. 16.gr. laga nr. 80/2012, að „Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna“, sem í

Þessu tilfelli er sveitarfélagið. Ennfremur segir í 28.gr. sömu laga “Kostnaður Minjastofnunar Íslands vegna vettvangskonunnar á fornminjum sem gerð er í þeim tilgangi að staðfesta eðli og umfang þeirra skal greiddur af stofnuninni“. Þó gerður sé skýr greinarmunur í lögnum á skráningu skv. 15.gr. og rannsóknum skv. 6.gr., þá sýnir þetta ákvæði að vettvangsskráning skuli kostuð af MÍ, hafi hún ekki áður farið fram á vegum sveitarfélags, skv. 16.gr.

Um tilgang minjalaga nr 80/2012, segir í 1.mgr.1.gr., „Tilgangur laga þessara er að stuðla að verndun menningarminja“ ..., . Nánar um verndun og hvernig samskiptum MÍ við landeigendur skuli háttað, segir m.a. í 16.gr. „Skylt er (landeigenda) að heimila þá för um landareign sem nauðsynleg getur talist við framkvæmd skráningar sem gerð er fyrir opinbera aðila. Ber að sýna landeiganda tillitssemi og valda ekki raski eða ónæði að þarflausu“, og í. 21.gr. segir,“Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi“, og „Minjastofnun Íslands gerir nauðsynlegar ráðstafanir til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en áður skal gera landeiganda eða ábúanda viðvart um þær. Ef nauðsyn krefur lætur Minjastofnun Íslands rannsaka fornleifar með uppgreftri eða á annan hátt“. Er framganga MÍ gagnvart skógarbændum til marks um að eftir þessu sé farið?

Hingað til hefur það verið talið best þjóna markmiðinu um verndun að aðstoða og leiðbeina bændum með góðu, svo þeir gætu sjálfviljugir forðast að raska fornminjum, þannig að engar framkvæmdir færu fram á minjastöðunum og í a.m.k. 15 m fjarlægð frá þeim, sbr. 22.gr. Þetta hefur að sjálfögðu einnig gilt fyrir skógrækt og velja skógarbændur yfirleitt land undir skógrækt fjarri öllum helstu svæðum jarðarinnar þar sem flestar minjarnar eru, og ef e.h. slíkar lenda inn á skógræktarsvæðunum, þá er þess ævinlega gætt að ekkert jarðrask fari þar fram og passað upp á að 15 m fjarlægðarreglan sé virt.

Þær fornleifaskráningar, sem gerðar hafa verið, sýna að búast má við 10-15 minjastöðum að meðaltali á hverri jörð, og þ.a. er langmest næst bæjarstæðunum. Því eru oftast aðeins 2-3 minjar á því landi sem valið er fyrir skógræktina, og gjarnan eru það vörður og stígar, sem að jafnaði falla í lægsta varðveislu- og minjagildisflokk.

Skógræktin gerir varla fleiri en 50 skógræktarsamninga á ári, sem þýðir þá að þessi þvingunaraðgerð MÍ gagnvart verðandi skógarbændum, mun skila um 150 nýjum skráningum á ári. Það mun því taka MÍ um 1.150 ár að klára skráningu 175.000 minja með þessari aðferð. M.v. fyrirbyggjandi tilboð verður kostnaður skógarbændanna a.m.k. kr. 300.000 per minju, eða alls um 45 milljónir króna. Er það góð búbot fyrir fornleifafræðinga en ansi rýr afrakstur fyrir MÍ. Er ekki tíma starfsmanna MÍ, sveitarfélaga og skógarbænda betur varið í eitthvað annað?

Þessi yfiringur MÍ mun auk þess bara hleypa illu blóði í landeigendur, þannig að áhugi þeirra og umhyggja fyrir verndun fornminja mun stórlega minnka og margir því freistast til að afmá frekar fornminjar á landi sínu, en að standa frammi fyrir því líkum kostnaði. Framganga MÍ í þessu máli verður því mun alvarlegri ógnun við verndun fornminja á næstu árum en sjálf skógræktin.

3. Grundvallarreglur um lögmæti og meðalhóf. Lögmætisreglan gildir um starfsemi stjórnvalda, þ. á m. sveitarfélaga. Hún felur í sér þá kröfu að starfsemi stjórnvalda skuli vera í samræmi við lög og jafnframt eiga sér stoð í lögum. Sú meginregla gildir að starfsemi stjórnvalda skuli fjármögnuð með almennum skatttekjum.

Reglur stjórnarsýsluréttar um þann grundvöll sem þjónustugjöld þurfa að hvíla á, eru ólögfestar en þær eru tengdar lögmætisreglunni sem gerir þá kröfu að íþyngjandi reglur verði ekki lagðar á borgara án skýrrar lagaheimildar. Innheimta þjónustugjalda fyrir þjónustu, sem opinberum aðilum er skylt að veita, er háð því skilyrði að fyrir hendi sé lagaheimild til töku gjalds og að fyrir gjaldið komi sérstakt endurgjald, þ.e. einhver tiltekin þjónusta. Þegar ákvörðun er tekin um innheimtu þjónustugjalds þarf því að líta til þeirrar lagaheimildar sem byggja á gjaldtökuna á, þ. á m. hvaða sérgreinda endurgjald hún heimilar gjaldtöku fyrir, og einnig að greina hvaða kostnað má taka inn í útreikninga á fjárhæð þjónustugjalds.

Ekki verður séð að stjórnarsýsla þeirra MÍ eða Dalabyggðar í þessu máli uppfylli viðmið reglna um lögmæti eða meðalhóf.

4. Jafnræðisregla stjórnarskrár. Jafnræðisreglu stjórnarsýsluréttar er að finna í 11. gr stjórnarsýslulaga laga nr. 37/1993. Reglan er vernduð af 65. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, lög nr. 33/1944. Jafnrétti í lögfræðilegum skilningi felur öðru fremur í sér að samræmis sé gætt í lagaframkvæmd, þannig, að sambærileg mál fái sambærilega meðferð. Þetta er nánar skýrt í dómum Hæstaréttar, t.a.m. „Telja verður þá meginreglu gilda í íslenskum rétti að allir, sem uppfylla sanngjörn og eðlileg lágmarksskilyrði, skuli standa jafnt að vígi þegar hið opinbera úthlutar borgurunum gæðum, sem til staðar eru í takmörkuðum mæli, þannig að færri fá notið en vilja. Ljóst er að útgáfa skógræktarleyfa og samningar skógarbænda við Skógræktina um skógrækt á lögbýlum fellur undir að teljast „úthlutun á gæðum, sem til staðar eru í takmörkuðum mæli, þannig að færri fá notið en vilja“. Þetta þýðir að allir skógarbændur, hvar sem er á landinu, skuli fá sambærilega meðferð og eiga jafna möguleika, að uppfylltum sambærilegum skilyrðum, til að fá útgefið skógræktarleyfi og samþykka samninga við Skógræktina. Þetta skal vera óháð efnahag, búsetu og þjóðfélagsstöðu skógarbóndans.

Þegar kemur að afgreiðslu hinna ýmsu sveitarfélaga á umsóknum um skógræktarleyfi og þá samhliða aðkomu MÍ og kröfu um eigin kostun skógarbænda á fornleifaskráningar, þá er jafnræðisreglan þverbortin. Þetta kemur m.a. fram í því að á meðan sum sveitarfélög, eins og t.d. Dalabyggð hefur látið undan ofríki MÍ og afhent sína skógarbændur í gíslingu, þá eru flest önnur sveitarfélög, sem á sama tíma gera það ekki við afgreiðslu samskonar mála.

Til að staðfesta þessa mismunun framkvæmdum við nokkuð ítarlega könnun á því hvernig íslensk sveitarfélög hafa verið að afgreiða umsóknir um skógræktarleyfi undanfarin tvö ár og er samantekt og yfirlit yfir niðurstöðurnar að finna í fylgiskjali 8. Niðurstöðurnar sýna að aðeins örfá sveitarfélög krefjast umsagnar MÍ en langflest gera það ekki. Nokkur, t.a.m. Eyjafjarðarsveit og Rangárþing hafa lokið fornminjaskráningu fyrir a.m.k. 20 árum síðan og samþykka því skógræktarumsóknir á þeim grunni og án þess að óska umsagnar MÍ og því þurfa skógarbændur þar ekkert að greiða vegna fornleifaskráninga.

Fjölmörg önnur sveitarfélög, sem eins og Dalabyggð hafa ekki lokið við fornminjaskráninguna vegna aðalskipulags, en hafa samt sem áður nýlega verið að samþykkja skógræktarumsóknir án þess að krefjast umsagnar MÍ. Í þeim tilvikum þurfa því viðkomandi skógarbændur ekki heldur að greiða kostnað við fornleifaskráningu. Þetta er greinilegt með skoðun á gögnum úr fundargerðum sveitarstjórnanna eins og sjá má í yfirlitinu í fylgiskjali 8. Þar sést að meirihluti sveitarfélaga, sem ekki hafa sjálf lokið aðalskráningu, fara ekki fram á umsögn MÍ, og oftast er heldur ekki beðið um samþykki allra aðliggjandi jarða. Því þurfa skógarbændur í þessum sveitarfélögum ekkert að greiða vegna fornleifaskráningar. Aðferðafræði Dalabyggðar og örfárra annarra sveitarfélaga er því alger undartekning frá reglunni í þessu sambandi. Líkleg skýring á þessu misræmi er rædd aftast í fylgiskjali 8.

Líklegt er að þessi mismunur á málsmeðferð, sem hér er lýst stangist einnig á við eignaréttarákvæði stjórnarskrár, sem og 75 gr. stjórnarskrár um frelsi til að stunda atvinnu.

Aðrir sem eiga hér kæruaðild krefjast þess sama og Jakob, að MÍ sé með öllu óheimilt að krefja skógarbændur um greiðslu kostnaðar við fornleifaskráningu í sambærilegum málum hvar sem er á landinu.

Aðalkrafa kæranda er eins og að ofan greinir, niðurfelling skilyrðisins um umsögn MÍ. Til vara er þess krafist, að ef það telst vera rétt málsmeðferð að sveitarfélaginu sé skylt eða heimilt, að krefjast umsagnar MÍ, þá skuli sú umsögn aðeins miðast við hið tilgreinda skógræktarsvæði, en ekki alla jörðina og að MÍ skuli þá aðeins veita slíka umsögn út frá þeim gögnum, sem skógarbóndi leggur fram eða sem MÍ býr yfir, eða þeim öðrum opinberum og birtum gögnum, sem aðgengileg eru. Þar má nefna eftirfarandi heimildir fyrir Hól í Hvammssveit; Minjaskráning í Hvammssveit – svæðisskráning fornleifa, Gylfi Helgason, Fornleifastofnun Íslands, 2017; Heimildir um landamerki, örnefni, nytjar og fleira tengt jörðum í Dalabyggð, Héraðsskjalasafn Dalasýslu, 2017; Hnitsett örnefni á jörðinni Hóli í Hvammssveit, skrásett af Bjarna Ásgeirssyni 2019, <https://ornefnasja.lmi.is/>. Jafnframt er þess krafist að í slíku tilfelli sé MÍ óheimilt að krefja skógarbónda um greiðslu fyrir slíka umsögn eða að hann skuli sjálfur greiða fyrir fornleifaskráningu áður en MÍ veiti umsögnina.

Ennfremur er gerð önnur varakrafa um að einnig skuli felld niður það skilyrði Dalabyggðar að leggja þurfi fram samþykki eigenda aðliggjandi jarða. Bent er á að varðandi hvorugt skilyrði í afgreiðslu Dalabyggðar er vísað til tiltekinna greina laga eða reglugerða, sem gera sveitarfélaginu skylt að setja þessi skilyrði. Bent er á að flest önnur sveitarfélög láta nægja að samþykkja sambærileg skógræktarleyfi með vísan til ákvæða í 4. eða 5. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012. Hér virðist því Dalabyggð enn og aftur gera meira íþyngjandi kröfur til sinna skógarbænda en flest önnur sveitarfélög í sambærilegum málum. Það ætti að vera auðvelt verkefni fyrir skipulagsfulltrúa og umhverfis- og skipulagsnefnd sveitarfélagsins að meta það hvort fyrirhuguð skógrækt sé á e.h. hátt líkleg til að rekast á við hagsmuni tiltekins nágretta, svo sem vegna útsýnis eða mikillar nálægðar, að þá sé ástæða til að fá fram afstöðu viðkomandi, en að fara fram á samþykki eigenda allra jarða, sem e.t.v. liggja víðs fjarri og hvergi í

augsýn við skógræktarlandið, er augljóslega óþörf og talsvert íþyngjandi ráðstöfun, sem ekki er í samræmi við meðalhófsreglu.

Meðfylgjandi eru eftirfarandi fylgiskjöl:

1. Tölvupóstur Sveitarstjóra Dalabyggðar frá 6. Mars. 2020
2. Tölvubréf Minjavarðar Vesturlands v Neðri-Hundadals
3. Umsögn MÍ v Dufansdals-Efri
4. Samskipti við MÍ v Dufansdals-Efri
5. Umsögn MÍ v Höskuldsstaða
6. Umsögn MÍ v Breiðaness
7. Dæmi um tilboð í fornleifaskráningu
8. Listi yfir afgreiðslur um skógræktarleyfi í sveitarfélögum á Íslandi, 2018-2020

Meðfylgjandi eru stuðningasýfirlýsingar frá:

Landssamtökum Skógareigenda
Félagi Skógarbænda á Vesturlandi
Sigursteini Hjartarsyni, Neðri-Hundadal

Virðingarfyllst,

Undirskriftir fylgja hér með á sérblöðum

Undirskriftir vegna kæru til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála

Jakob K. Kristjánsson, Hóli, Hvammssveit

Kristjón Sigurðsson, Ósi, Saurbæ

Benedikt Rúnar Steingrímsson, Stóra-Langadal, Skógarströnd